



Skattabreytingar -
áhrif á fólk og fyrirtæki

Vala Valtýsdóttir
janúar 2014



Áhrif á fólk – staðgreiðsla og frádráttur

1. Staðgreiðsla **lækkar** almennt

um 0,04% í fyrsta þrepi – um 0,48% í öðru þrepi – en **hækkar** um 0,02 í þriðja þrepi

Þrepin:

- Allt að kr. 3.480.000 (tekjuskattur 22,86 + meðalútsvar 14,44) 37,3%
- Kr. 3.480.001- 9.415.428 (tekjuskattur 25,3 + meðalútsvar 14,44) 39,74%
- Yfir kr. 9.415.428 (tekjuskattur 31,8 + meðalútsvar 14,44) 46,24%

2. **Meðalútsvar 14,44%** (**hækkun** um 0,02%)

Fjárhæðamörk skattþrepa taka breytingum í upphafi árs og fyrir árið 2013 er hækkunin 6,1%.

Fyrsta þrepið hækkaði um 20% vegna kjarasamninga

Persónuafsláttur einstaklinga hækkar um 4,2%.

3. Frádráttur frá tekjuskatti á séreignarsparnaði heimilaður að fullu um mitt ár (1. júlí 2014 í stað 1. jan 2015)

Áhrif á fólk – afleiðusamningar og arður

1. Hagnaður eða tap af afleiðusamningum hefur talist til vaxta

Breyting þannig að nú verður skattlagning með sama hætti og skattlagning söluhagnaðar – þannig að frádráttur taps á móti hagnaði innan ársins er heimil

2. Sér- arðsreglan felld niður þannig að arður verður nú skattlagður í 20% - án tillits til eignarhalds
3. Reiknað endurgjald er síðan látið ná til fleiri aðila þegar um tengda aðila er að ræða

Ákvæðið er þannig:

Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum eða starfandi hluthöfum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila **enda eigi hver um sig a.m.k. 5% hlut í þeim lögaðila.**

Viðmiðunin um hvern nákominn eða starfandi hluthafa var **20% en fer í 5%**

Áhrif á fólk – Virðisaukaskattur

Margnota barnableiur og laust bleiufóður færð í 7% þrep

Bráðabirgðaákvæði vegna 100% endurgreiðslu vsk af vinnuþætti framlengt

Bráðabirgðaákvæði vegna niðurfellingar á vsk við innflutning og ákvæði um undanþágu frá skattskyldri veltu allt að 4-6 milljónir af umhverfisvænum bifreiðum framlengt



Áhrif á fyrirtæki - almennt

Tryggingagjald lækkar um 0,1% eins og í fyrra

Bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga vegna skattlagningar eftirgjafa vegna rekstrarörðugleika framlengt út 2014 (XXXVI) - Skattlagning umfram tap 50% af 50 mill. og 75% umfram 50 mill.

Eindagi álagningar verður 30 dagar í stað 15 dagar – í samræmi við dráttarvaxtareikning

Áhrif á fyrirtæki - milliverðlagning

Viðskipti milli tengdra lögaðila verða að vera sambærileg því sem almennt gerist í viðskiptum milli ótengdra aðila

1. Reglur OECD eru lögteknar
2. Skilgreining á tengdum aðilum – meirihlutaeign, samstæður og sifjaréttarleg tengsl
3. Skjölunarskylda ef eignir eða tekjur eru yfir einum milljarði á ári

Áhrif á fyrirtæki - samruni milli landa

Skattlagning vegna samruna einkahlutafélaga og hlutafélaga milli landa

1. Gildir einungis um samruna innan EES
2. Tímamark skattlagningar er yfirtöku/samruna dagsetning -
3. Greiðslufrestur í allt að fimm ár (þó vaxtareiknað) 1/5 á hverju ári
4. Bankatrygging vegna skattskuldar

Eru þessar nýju reglur í samræmi við dóma EFTA - og Evrópudómstólsins?

Áhrif á fyrirtæki - opinberir aðilar

Stofnanir í meirihluta eigu ríkis og eða sveitarfélaga sem hafa með höndum lögbundin verkefni vegna reksturs vatnsveitu og/eða fráveitu enda sé bæði rekstur og efnahagur hinna lögbundnu verkefna að fullu aðgreindur bókhaldslega frá annarri starfsemi

Fráveitur og vatnsveitur ekki skattskyldar til tekjuskatts



Áhrif á fyrirtæki - fjármálafyrirtæki

Fjársýsluskattur

Skattstofn: Allar tegundir launa og þóknana hjá fjármálafyrirtækjum, verðbréfafyrirtækjum og tryggingafélögum auk Íbúðalánasjóðs. (L 165/2011)

Breyting: Lækkun úr 6,75% í 5,5%

Sérstakur 6% fjársýsluskattur

Skattstofn: Tekjuskattstofn yfir 1 milljarð

Breyting: Samsköttun og yfirfæranlegt tap kemur ekki til frádráttar (tskl.)

Bankaskatturinn (L 155/2010)

Skattstofn: Skuldir umfram 50 milljarða

Breytingar: Skattprósenta hækkuð verulega – úr 0,1285% í 0,376%

Bætt við fjármálafyrirtækjum í slitameðferð – líka ef félag hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta

Þar er skattstofninn að vísu viðurkenndar kröfur umfram 50 milljarða

Skatturinn hefur sömu réttthæð við gjaldþrotaskipti og búskröfur – aðrar skattkröfur hafa ávallt stöðu almennra krafna

Bland í poka

- Áfengisgjald og tóbaksgjald ***hækka*** um 3%
- Endurvinnslugjald álagt í fríhöfn við komu
- ***Hækkun*** á gjaldtöku vegna útgáfu vegabréfa frá 25%-50%
- Þ.e. 25% hækkun á öllum útgáfum fyrir aldur 18-66 – 50% hækkun á útgáfu fyrir aldraða og börn en engin breyting á útgáfu fyrir diplómata
- Gjald í frkvsj aldraða ***hækkar um 4% : úr 9.604 kr. í 9.911 kr.***
- Stimpilgjald ***felld niður*** af lánaskjölum og hlutabréfum (allt að 1,5%) en ***hækkað*** verulega vegna eignaryfirfærslna á fasteignum og skipum
Nú munu einstaklingar greiða 0.8% en lögaðilar 1,6% af fasteignamati eða kaupverði skipa
- var 0,4%



Deloitte.

Undir vörumerki „Deloitte“ sameinast krafter þúsunda sérfræðinga sem starfa hjá sjálfstæðum félögum um allan heim við að veita viðskiptavinum þjónustu á sviði endurskoðunar, ráðgjafar, fjármála, áhættustjórnunar og skattamála. Þessi félög eru aðilar að Deloitte Touche Tohmatsu Limited (DTTL), sem er breskt einkahlutafélag (private company limited by guarantee). Hvert aðildarfélag veitir þjónustu á tilteknu landssvæði og er bundið þeim lögum og fagreglum sem þar gilda. Félagið DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. DTTL og aðildarfélög þess eru aðskildir og sérgreindir lögaðilar sem ekki geta skuldbundið hvert annað. DTTL og aðildarfélög þess bera eingöngu ábyrgð á eigin gjörðum eða vanrækslu en ekki á aðgerðum hvers annars. Hvert aðildarfélag DTTL er skipulagt í samræmi við innlend lög, reglugerðir, viðskiptavenju og aðra þætti, og getur veitt sérfræðiþjónustu á starfssvæði sínu í gegnum dótturfélög, tengd félög, og/eða önnur félög.

Deloitte veitir bæði opinberum aðilum og einkafyrirtækjum í fjölmörgum atvinnugreinum endurskoðunar-, skatta-, ráðgjafar- og fjármálaþjónustu. Alþjóðlegt sérfræðinet Deloitte tengir saman sérfræðinga í 150 löndum þannig að saman fari ítarleg staðbundin þekking og alþjóðleg hæfni, viðskiptavinum til hagsbóta. Hjá Deloitte starfa um 200.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Þetta rit inniheldur almennar upplýsingar; með útgáfu þess eru aðilar að sérfræðineti Deloitte, þ.e. Deloitte Touche Tohmatsu Limited, aðildarfélög þess eða samstarfsfélög, ekki að veita sérfræðiráðgjöf eða þjónustu. Ráðfærðu þig við fagaðila áður en þú tekur ákvörðun eða grípur til aðgerða sem gætu haft áhrif á fjármál þín eða viðskipti. Enginn aðili í sérfræðineti Deloitte skal gerður ábyrgur fyrir tjóni sem kann að verða hjá þeim sem reiðir sig á þetta rit.